
62. Oddný G. Harðardóttir (Replik)

Forseti og forsætisráðherrar. Ég beini spurningu til forsætisráðherra Svíþjóðar. Þeir ríku verða ríkari og fátækir fátækari, líka á Norðurlöndunum. Meginástæðan fyrir því að ójöfnuður er að aukast á Norðurlöndum er að hið opinbera stuðningskerfi hefur minna að segja fyrir afkomu fólks þar sem stuðningur við barnafjölskyldur og húsnæðisstuðningur fylgja ekki launaþróun. Þetta kemur fram í skýrslu frá norrænu ráðherranefndinni sem kom út í vor. Norðurlöndin tróna hæst á listum yfir lönd þar sem best er að búa og þar sem traust er mest á milli manna. Ég vil því spyrja forsætisráðherra Svíþjóðar hvort hann telji að þessi góða staða Norðurlandanna sé í hættu og hvort hann telji að löndin geti unnið saman að því að snúa stöðunni við og auka jöfnuð á Norðurlöndum og að Norðurlöndin geti um leið haft áhrif á önnur lönd í sömu átt, líkt og Svíþjóð hefur gert innan Evrópusambandsins með félagslegum stöðum.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president och statsministrar. Jag vill ställa en fråga till Sveriges statsminister. De rika blir allt rikare och de fattiga allt fattigare, också i Norden. Den största orsaken till ökad ojämlikhet i Norden är att det offentliga stödsystemet har en mindre påverkan på familjers ekonomi eftersom stöd till barnfamiljer och boendestöd inte hänger med löneutvecklingen. Detta framkommer av en rapport från Nordiska ministerrådet som utkom i våras. Norden ligger i topp på alla listor över världens bästa länder att leva i och som har mest tillit mellan invånarna. Jag skulle därför vilja fråga den svenske statsministern om han tror att Nordens starka ställning på det här området är i fara och om han tror att länderna kan samarbeta för att vända situationen med målet att öka jämlikheten i

Norden, samt om Norden samtidigt kan trycka på för liknande utveckling i andra länder på samma sätt som Sverige har gjort genom sitt arbete med att stärka sociala förmåner inom EU.

Information

Talenummer

62

Type

Replik

Person

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Talerverolle

S-gruppen

Dato

30.10.18 16:39